

Í framangreindum verðum er innifalinn söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hitanotkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1., 3. og 4. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness nr. 148 9. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

28. janúar 1974.

Nr. 35.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 8 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 10. febrúar 1974 taka gildi breytingar nr. 8 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja, eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum, er ekki innifalinn 14,1% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. nóvember 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

30. janúar 1974.

Nr. 36.

REGLUGERÐ

um holræsi í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Tenging við aðalæð er aðeins heimil undir umsjón viðkomandi starfsmanna bæjarins. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn tiltekur, eða vatns- og skólpveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi, skal hann skýra verkstjóra bæjarins, eða þeim, sem bæjarstjórn felur umsjón með lagningu holræsa í bænum, frá því og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð píþna, brunna, vatnslása og yfirleitt alls þess, sem skólplögninni innan húss og utan tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal hafa umsjón með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, sem að tilhögun og lagningu ræsaanna lýtur.

Skylt er húsbyggjanda að leggja fram uppdrátt, sem sýnir glögglega alla tilhögun lagnarinnar. Rísi ágreiningur milli umsjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal bæjarstjórn skera úr.

3. gr.

Bæjarstjórnin getur löggilt menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utan húss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir bæjarstjórn, að þeir séu til þess færir. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsaferfi bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins greiðist úr bæjarsjóði. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsa, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 0.15% af fasteignamatsverði húss og lóðar, þó aldrei minna en 1000 kr. af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skólplögn að viðkomandi húseign eða húshluta.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 15. janúar ár hvert, í fyrsta sinn hinn 15. janúar 1974.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera, enda annast hann viðhald og endurnýjun þeirra.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Sauðárkrókskaupstað nr. 162/1959, svo og breyting við þá reglugerð nr. 72/1969.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. janúar 1974.

Nr. 37.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Selfoss

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Til almennrar notkunar um vatnsmæli:
 - a. Vatnsgjald 12.50 kr./m³
 - b. Fastagjald af rúmmáli því er hita skal, er þá miðað við utanmál húsnæðis 1.30 kr./m³ á mán.
2. Til notkunar í húsnæði sem hefur litla upphitunarþörf miðað við rúmmál, enn fremur kranavatn í húsnæði sem hefur aðra hitun, um vatnsmæli:

Vatnsgjald 18.00 kr./m³
3. Vatnsgjald, kr. 5 400.00 á ári fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 mínútulítri fyrir hverja 100 m³ húsnæðis. Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " 200.00 kr./mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" 340.00 kr./mán.
3. Fyrir hemla 220.00 kr./mán.

III. Heimæðagjald.

Heimæðagjald miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 36.480.00.

400 til 2000 — kr. 36 480.00 — af 400 m³ + 28.80 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ á kr. 82 560.00 + 25.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 6 000.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal að fullu greitt þegar tengingu heimæðar er lokið.